

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., kr. 12.000,00.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. apríl 1986.

Nr. 17/1986. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ragnari Heimi Þórðarsyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar sl. að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 28. febrúar sl.

Svo sem í héraðsdómi greinir ók ákærði bifreið frá Hótel Akranesi að Esjubraut 19 og síðan þaðan og heim til sín, og er sannað með framburði vitna að hann var undir áhrifum áfengis við aksturinn. Hefur ákærði þannig brotið gegn 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði ók á leiðinni á grindverk við húsið Bjarkargrund 46 og laskaði það. Bar honum að sjá um það svo fljótt sem verða mátti að lögreglu yrði skýrt frá óhappinu og með því að láta það undir höfuð leggjast hefur hann gerst brotlegur við 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga.

Í ákæru er ennfremur vitnað til 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga en ákæra geymir eigi verknaðarlýsingu er svari til þess ákvæðis.

Refsing ákærða, sem eigi hefur áður sætt refsingum er hér skipta máli, er samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing sektar 15 daga varðhald.

Ákærði þykir samkvæmt 81. gr. umferðarlaga hafa unnið til sviptingar ökuleyfis 8 mánuði. Með héraðsdómi var hann sviptur ökuleyfi 3 mánuði. Dómurinn var birtur ákærða 3. janúar sl. og hefur hann því nú öðlast ökuleyfið á ný. Ber því að ákveða að ákærði verði sviptur ökuleyfinu 5 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ragnar Heimir Þórðarson, greiði 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektar ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti sviptingu ökuleyfis í 8 mánuði samtals, þ.e. í 5 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Akraness 11. nóvember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. febrúar 1985 „fyrir sakadómi Akraness á hendur Ragnari Heimi Þórðarsyni leigubifreiðarstjóra, Bjarkargrund 44, Akranesi, fæddum þar í bæ 31. mars 1945, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar 1985 undir áhrifum áfengis bifreiðinni E 2520 frá Hótel Akranesi á Akranesi að Esjubraut 19, aka þaðan eftir skamma viðdvöl um götur í bænum, aka á og laska grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund og halda rakleiðis heim til sín af vettvangi án þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna árekstursins.

Telst þetta varða við 2. mgr. 25. gr., 1.mgr. 37. gr. og 1. og 2. mgr.

41. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Kl. 03:35 sunnudaginn 20. janúar var lögreglunni tilkynnt að ákærði væri ölvaður við akstur bifreiðar sinnar. Hefði hann ekið frá Hótel Akranesi norðvestur Bárugötu og síðan norðaustur Vesturgötu.

Lögreglan hóf þegar að leita ákærða. Fór hún m.a. tvisvar heim til hans að Bjarkargrund 44, en í hvorugt skiptið var hann heima. Um kl. 04:15 veitti lögreglan því athygli að búíð var að aka á grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund og var það töluvert skemmt. Á árekstrarstað fundust brot úr svonefndu grilli bifreiðar. Þá var hægt að rekja þaðan slóð af vatni og frostlegi að bifreiðargeymslu við hús ákærða. Voru dyr bifreiðargeymslunnar opnar og var bifreið ákærða í geymslunni. Bifreiðin var talsvert skemmd að framan. Voru brot þau sem fundust á árekstrarstað greinilega af grilli bifreiðar hans. Vél bifreiðarinnar var heit og taldi lögreglan víst að hún hefði ekki verið búin að standa í bifreiðargeymslunni lengi. Lögreglan knúði dyra hjá ákærða en enginn svaraði.

Rétt fyrir kl. 13:00 nefndan dag var ákærði boðaður símleiðis til yfirheyrslu hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Átti ákærði að mæta í yfirheyrsluna kl. 13:00, en mætti ekki. Voru þá gerðar tilraunir til að ná í ákærða símleiðis og með því að fara heim til hans en án árangurs. Þá gerði lögreglan margsinnis tilraun til að ná tali af ákærða mánudaginn, 21. janúar en sú viðleitni bar ekki árangur. Loks náðist tal af ákærða laust fyrir kl. 14:00, þriðjudaginn 22. janúar, og var hann þá boðaður til yfirheyrslu. Í millitíðinni hafði lögreglan yfirheyrt dyraverði hótelsins um dvöl ákærða á hótelinu umrædda nótt. Fer vætti þeirra hér á eftir.

Baldur Ragnar Ólafsson kvaðst hafa verið við dyravörslu á hótelinu umrædda nótt. Um kl. 00:30 til 01:00 sá hann ákærða koma á hótelið. Virtist hann ódrukkinn. Baldur sá ákærða síðan af og til á dansleiknum. Talaði ákærði við hann og spurði eftir föður hans. Sagði Baldur að sér hefði þá virst ákærði greinilega vera undir áhrifum áfengis. Aðspurður um áfengisneyslu ákærða kvaðst Baldur hafa séð hann með glas í hendi og hafi verið ljósleitur (glær) vökvi í því.

Síðan sagði Baldur að ákærði hefði yfirgefið hótelið klukkan að ganga fjögur um nóttina með síðustu gestum. Sá hann þá að ákærði var greinilega ölvaður.

Aðspurður um ölvunareinkenni ákærða svaraði Baldur að hann hefði verið drafandi í tali og voteygður.

Að loknum dansleiknum sagðist Baldur hafa farið heim til sín. Hafi hann verið kominn heim um kl. 03:30. Þá hafi ákærði verið þar fyrir í heimsókn hjá foreldrum hans. Kvaðst Baldur hafa rætt við ákærða. Faðir Baldurs bað hann síðan að aka ákærða heim, en ákærði þvertók fyrir það enda þótt hart væri lagt að honum. Hafi ákærði haft á orði að hann myndi stinga lögregluna af ef hún elti sig.

Við svo búið hvarf Baldur á braut. Bifreið ákærða E 2520 stóð þá fyrir utan heimili hans. Er hann kom aftur laust fyrir kl. 04:00 var hún farin.

Baldur kom fyrir dóm 1. apríl sl. Var hann nánar spurður um kynni sín af ákærða. Kvaðst Baldur hafa þekkt ákærða frá því hann var smástrákur. Ákærði hefði unnið um árabíl með föður hans í Sláturfélaginu. Þar hefði hann kynnst ákærða.

Um samskipti sín og ákærða á dansleiknum umrætt sinn var vætti Baldurs samhljóða vætti hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Nánar aðspurður um ölvunareinkenni ákærða sagði Baldur að hann hafi verið óstöðugur. Hann hafi verið rjóður í andliti. Framburður hans hafi verið ruglingslegur. Málfar þvogluglegt. Þá hafi hann verið rjóður í andliti.

Eins og áður segir fór Baldur heim til sín að loknum dansleiknum og var ákærði þar þá fyrir. Hafi hann spurt föður hans hvort hann ætti áfengi, en hann sagðist ekkert áfengi eiga. Þjóst ákærði þá til að fara. Þeir spurðu hann þá hvort hann ætlaði akandi í þessu ástandi, sem hann var í. Buðust þeir til að aka honum heim. Ákærði hafi þá svarað, meira í gamni en alvöru, að lögreglan skipti sér sjaldan af leigubifreiðum og ef svo illa færi að hún skipti sér af honum myndi hann stinga hana af.

Að öðru leyti var vætti Baldurs samhljóða skýrslu hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Staðfesti hann áður nefnda skýrslu sína sem rétta.

Rafn Elvar Svanbergsson kvaðst hafa verið við störf á hótelinu umrædda nótt. Rafn kvaðst ekki hafa veitt ákærða athygli fyrr en að loknum dansleiknum er dyraverðirnir báðu gestina að fara út. Ákærði hafi verið með síðustu mönnum til að yfirgefa hótelið. Sagði Rafn að þá hafi hann verið greinilega ölvaður. Ekki talaði Rafn við ákærða en merkti ölvunareinkenni hans af háttalagi hans. Kvaðst hann vel kunnugur ákærða og vera handviss að í umrætt sinn hafi hann verið ölvaður. Að sögn Rafns var klukkan um 03:15 til 03:30 þegar ákærði yfirgaf hótelið. Var hann þá einsamall.

Rafn kom fyrir dóm þann 3. apríl sl. Bar hann sem fyrr að hann hefði ekki tekið eftir ákærða fyrr en undir lok dansleiksins. Var hann á tali við Eygló Önnu Sigurðardóttur.

Um ölvunareinkenni ákærða sagði Rafn að ákærði hefði verið kátur og nokkuð háværandi en hann ætti að venjast. Ekki tók Rafn eftir öðrum

ölvunareinkennum í fari ákærða. Rafn kvaðst vera búinn að þekkja ákærða um árabíl og í umrætt sinn hafi hann verið þess fullviss að ákærði var greinilega ölvaður.

Vitnið Ólafur Bragi Theódórsson var yfirheyrður af lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. Kvaðst Ólafur hafa verið að skemmta sér laugardagskvöldið 19. janúar sl. ásamt kunningjum sínum. Ákváðu þeir að fara á hótelið og hringdu á leigubifreið. Skömmu síðar kom bifreiðin. Var það bifreið ákærða og var hann undir stýri.

Þegar á hótelið kom kvaðst ákærði ætla að koma með þeim inn. Varð hann samferða þeim inn að sögn Ólafs. Er inn var komið kvaðst Ólafur hafa fengið sér borð inni í sal og ekki séð ákærða á dansleiknum eftir það.

Að dansleikum loknum kvaðst Ólafur hafa farið heim. Hafi hann rétt verið kominn inn úr dyrunum þegar bankað var á þær. Fór hann til dyra og opnaði. Stóð ákærði í dyrunum. Spurði hann hvort ekki væri samkvæmi sem Ólafur neitaði og kvaðst vera að fara að sofa.

Aðspurður um ölvun ákærða umrætt sinn sagði Ólafur að hann hefði greinilega verið undir áhrifum áfengis, en ekki virst ofurölvi. Kvaðst Ólafur þekkja ákærða og vera handviss um að hann hafi verið ölvaður í umrætt sinn.

Ólafur sagði að það hefði ekki hvarflað að sér að ákærði hefði verið akandi þar sem hann var ölvaður. Hefði hann ekki frétt það fyrr en Baldur sonur sinn sagði sér það. Hefði hann talið að ákærði hefði komið samferða Baldri en hann kom heim um líkt leyti og síðan orðið samferða honum aftur. Aðspurður hvort hann bauð ákærða að láta Baldur aka honum heim mundi hann ekki greinilega.

Vitnið Ólafur Bragi Theódórsson kom fyrir dóm 2. apríl sl. Vætti hans fyrir dómi var samhljóða skýrslu hans hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild.

Þá var Ólafur inntur nánar um útlit ákærða er hann kom í heimsóknina. Sagði Ólafur að hann hafi virst greinilega ölvaður, þó ekki ofurölvi. Nánar aðspurður um ölvunareinkenni ákærða kvaðst Ólafur ekki hafa fundið af honum áfengislykt eða merkt að hann væri óstöðugur, en augu hans hafi verið vot. Hann hafi verið kátur og allt að því stamað.

Um kynni sín af ákærða bar Ólafur að þeir hefðu unnið saman í um 10 ár á árunum 1962 til 1972.

Nánar aðspurður um samskipti sín og ákærða umrædda nótt bar Ólafur við minnisleysi. Kvaðst hann hafa verið undir áhrifum áfengis. Hefði hann drukkið 2 til 3 glös af vodka heima hjá sér áður en hann fór á dansleikinn og síðan 4 til 5 glös á hótelinu.

Ólafi var kynntur framburður sonar síns, Baldurs Ragnars, varðandi

samræður þeirra og ákærða, hvort rétt væri að hann æki heim í því ástandi sem hann var og svör ákærða af því tilefni. Ólafur kvaðst ekki minnst slíkra orðaskipta. Hefði hann ekki frétt það fyrr en daginn eftir að ákærði hefði verið á sinni eigin bifreið er hann spurði son sin hvort hann hefði ekki ekið ákærða heim um nóttina.

Vitnið Eygló Anna Sigurðardóttir kom fyrir lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. Kvaðst hún hafa farið á hótelið rétt eftir kl. 02:00. Var hún búin að vera nokkra stund á hótelinu þegar hún hitti ákærða. Tóku þau tal saman og ræddust við nokkra stund.

Aðspurð mundi hún ekki hvort hún hefði séð ákærða neyta áfengis umrætt sinn. Um ölvunareinkenni ákærða svaraði Eygló að sér hefði virst hann greinilega ölvaður. Nánar aðspurð kvaðst hún hafa hitt ákærða nokkrum sinnum allsgáðan. Þarna hafi hann verið greinilega ölvaður þó ekki ofurölvi.

Eygló kvað þau hafa slitið tali rétt fyrir lok dansleiksins. Eftir það hafi hún ekki fylgst með ákærða.

Eygló Anna kom fyrir dóm 3. apríl sl. Vætti hennar var þá samhljóða skýrslu hennar hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild. Ítrekað aðspurð um ölvunareinkenni ákærða bar hún að hann hefði verið allur kátari og léttari í lund en hún hafði áður vanist. Þá hafi hann verið rjóður í andliti.

Eins og áður segir kom ákærði fyrir lögreglu Akraness, rannsóknardeild, þriðjudaginn 22. janúar sl. eftir að ítrekað hafði verið reynt að ná tali af honum. Yfirheyrður um málavexti kvaðst ákærði hafa farið á bifreið sinni að hótelinu eftir miðnætti, sennilega að ganga eitt umrædda nótt. Hafi hann verið einn í bifreiðinni. Fór hann inn og keypti sér miða. Kveðst hann hafa átt stefnumót á hótelinu. Ekki vildi hann upplýsa við hvern. Aðspurður kvaðst ákærði hafa keypt þrjú glös af einföldu brennivíni í vatni á hótelinu umrætt sinn. Það hafi þó ekki verið fyrir hann. Ekki vildi ákærði upplýsa fyrir hvern hann keypti áfengið. Ákærði kvaðst hafa greitt fyrir áfengið með eigin fé. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa neytt áfengis umrætt sinn. Aðspurður kvaðst hann hafa drukkið úr tveimur vatnsglögum.

Ekki vildi ákærði tilgreina fólk er hann hitti á hótelinu.

Að loknum dansleiknum kvaðst ákærði hafa farið að bifreið sinni og ekið rակleitt heim til sín. Tilgreindi hann akstursleiðina nákvæmlega. Er ákærði kom að Bjarkargrund kvaðst hann hafa ekið á of mikilli ferð. Hafi hann óttast að lenda á ljósastaur sem þarna er. Tók hann því þann kostinn að aka á grindverk við hús nr. 46.

Ekki gat ákærði upplýst hvað klukkan var þegar þetta gerðist.

Aðspurður hvers vegna hann ansaði ekki banki lögreglunnar heima hjá sér um nóttina kvaðst hann ekki hafa orðið hennar var.

Aðspurður hvers vegna hann sinnti ekki kvaðningu lögreglunnar að mæta til yfirheyrslu hjá rannsóknardeild hennar svaraði ákærði því til að hann hefði haldið að þetta hefði verið nágranni sinn að gantast við sig.

Ákærði var enn til yfirheyrslu hjá lögreglu Akraness, rannsóknardeild, daginn eftir, miðvikudaginn 23. janúar sl. Var honum þá bent á að fyrir lægi vitnaframburður, sem stangaðist verulega á við framburð hans. Neitaði ákærði þá enn að tjá sig frekar um málið. Jafnframt neitaði hann að hafa verið ölvaður umrædda nótt.

Ákærði kom fyrir dóm 28. mars sl. Var honum þá birt ákæra máls þessa og yfirheyrður um málavexti. Skýrði hann sjálfstætt svo frá að hann hefði farið á hótelið klukkan að ganga eitt, nánar tiltekið um hálf eitt, aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar sl. Kvaðst hann hafa verið einsamall. Hafi hann ætlað að hitta kunningja sinn á hótelinu. Ákærði kvaðst hafa yfirgefið hótelið einsamall rúmlega þrjú um nóttina. Kvaðst hann hafa ekið eftir Bárugötu, Vesturgötu og að Esjubraut 19. Þar kvaðst hann hafa gert skammta viðdvöl. Átti hann orðaskipti við húsráðandann, Ólaf Braga Theódórsson. Spurði hann Ólaf hvort ekki væri samkvæmi hjá honum. Ólafur hafi svarað því neitandi. Aðspurður hvort ákærði átti orðaskipti við einhvern annan í umrætt sinn svaraði ákærði því til að sonur Ólafs hefði komið heim meðan hann dvaldi þar en hann hefði engin orðaskipti átt við hann.

Aðspurður hvers vegna ákærði hafði áður sagt lögreglunni að hann hefði ekið rակleitt heim til sín kvaðst ákærði ekki hafa viljað baka Ólafi vandræði vegna heimsóknar sinnar.

Ákærði kvaðst hafa ekið rակleitt heim til sín frá Ólafi. Á Bjarkargrund kvaðst ákærði hafa ekið of hratt í beygju. Hann hafi reynt að hemla en það ekki komið að gagni. Lenti hann því á grindverki við hús nr. 44. Aðspurður hvers vegna ákærði tilkynnti ekki um áreksturinn sagði ákærði að húsráðandinn að Bjarkargrund 46 hefði verið að skemmta sér um kvöldið. Hafi hann því haldið að hann væri annað tveggja sofnaður eða ókominn heim. Hann hafi því ekið rակleitt heim til sín og lagt bifreið sinni í bifreiðageymslunni.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa orðið var við lögregluna þegar hún knúði dyra hjá honum um nóttina. Sagði ákærði að kona sín hefði verið vakandi og hefði hún einskis orðið vör.

Aðspurður hvers vegna ákærði sinni ekki fyrirkalli lögreglunnar að mæta til yfirheyrslu hjá rannsóknardeild hennar bar hann á sama veg og áður.

Ákærði kvaðst hafa farið til kirkju eftir hádegi umræddan sunnudag. Eftir það hefði hann farið í heimsókn til kunningjafólks síns. Hann hafi því verið fjarverandi allan sunnudaginn. Á mánudeginum hafi hann farið

til Reykjavíkur að kaupa hitakerfi í bifreiðina sem skemmdist við áreksturinn.

Í þinghaldi 11. apríl sl. var ákærða kynntur framburður vitna og önnur gögn málsins.

Um vætti Ólafs Braga Theódórssonar, að ákærði hafi verið greinilega ölvaður en ekki ofurölvi, sagði ákærði að vitni þetta hefði sjálf verið ölvað og því varla dómbært um ástand þess. Þá var ákærði spurður hvers vegna hann hefði áður sagt að hann hefði farið einn á hótelið þegar fyrir lægi að hann hefði ekið Ólafi og kunningjum hans á hótelið og orðið samferða þeim inn. Ákærði kvaðst hafa skilið spurninguna þannig hvort hann hefði setið til borðs með áður nefndu fólki, en svo hafi ekki verið.

Um vætti Baldurs Ragnars Ólafssonar sagði ákærði að hann hefði ekki viljað skýra frá því fyrir en nú að hann hefði átt samræður við Baldur, þar eð hann hefði ekki viljað baka honum óþægindi. Skýrir ákærði nú svo frá að þeir hafi átt samræður og hafi þær snúist um föður vitnisins. Kvaðst ákærði hafa haldið að hann hafi verið farinn heim þar sem hann hafði ekki séð hann í nokkurn tíma. Er þetta var sagðist ákærði hafa haldið á vatnsglasi.

Um samskipti sín og umrædds vitnis að Esjubraut 19 að loknum dansleiknum sagði ákærði að Baldur hefði boðist til að aka honum heim, en ákærði kvaðst engu hafa svarað honum.

Um framburð Rafns Elvars Svanbergssonar sagði ákærði að Rafn hefði verið dyravörður umrætt sinn. Ákærði hefði séð hann tilsýndar en engin orðaskipti átt við hann.

Þá er ákærða kynntur framburður Eyglóar Önnu Sigurðardóttur. Ákærði kvaðst hafa hitt hana þegar hann var á leiðinni út eftir lok dansleiksins í innri forstofu hótelsins að innganginum að danssalnum. Kvaðst hann hafa spurt hana hvort hún vildi ekki frekar verða samferða sér heim en manni þeim er hún var í fylgd með. Hún hafi svaraði því neitandi.

Í þinghaldi 15. apríl var ákærði nánar spurður um samskipti sín og Eyglóar Önnu. Kvað hann Eygló hafa setið í sófa nálægt innganginum í sal hótelsins. Við hlið hennar hafi setið Örn Arnar Gunnarsson. Ákærði kvaðst hafa hallað sér að Eygló og spurt hana áður nefndrar spurningar. Hún hafi svarað neitandi eins og fyrir greinir.

Í þessu framhaldi var Örn Arnar Gunnarsson kvaddur vættis. Aðspurður mundi Örn ekki hvort hann fór í hótelið umrætt skipti. Þó væri það ekki útilokað, þar sem hann sækta gjarnan hótelið um helgar. Aðspurður kvaðst Örn rétt málkunnugur nefndri Eygló. Aðspurður hvort hann ræki minni til að ákærði ræddi við hann og Eygló umrætt kvöld svaraði Örn neitandi.

Þá var Eygló enn til yfirheyrslu vegna máls þessa þann 29. maí sl.

Aðspurð kvaðst hún rétt málkunnug nefndum Erni. Aðspurð hvort hún hefði verið á tali við Örn þegar hún hitti ákærða á hótelinu umrætt sinn svaraði hún neitandi.

Ákærði hefur verið samprófaður við Baldur Ólafsson. Ekki tókst að samræma framburð þeirra.

Að beiðni skipaðs verjanda ákærða voru haldin frekari próf í málinu 19. ágúst sl.

Vitnið Þórey Karlsdóttir, eiginkona ákærða, kvaðst hafa verið vakandi þegar ákærði kom heim. Aðspurð hvað klukkan hafi verið sagðist hún ekki hafa fylgst með tímanum.

Aðspurð um útlit ákærða þegar hann kom heim sagði Þórey að hann hefði verið þreyttur. Aðspurð hvort hann hefði verið ölvaður svaraði hún neitandi.

Þórey kvað ákærða ekki hafa sagt sér að hann hefði farið á hótelið fyrr um nóttina.

Er ákærði kom heim kvaðst Þórey hafa farið fram. Hafi þau fengið sér hressingu. Ákærði hafi sagt henni að hann hefði ekið á grindverkið við hús nr. 46 við Bjarkargrund. Kvaðst hún hafa skoðað skemmdirnar á bifreiðinni. Síðan hafi þau farið að sofa.

Aðspurð hvort hún hafi orðið lögreglunnar vör þegar hún knúði dyra hjá þeim um nóttina svaraði hún neitandi. Sagði hún að dyrabjallan hefði verið ónýtt, því hafi þau ekki alltaf heyrt þegar bankað var hjá þeim.

Þórey kvað þau hafa vaknað um kl. 10.00 um morguninn. Þá fengu þau sér morgunmat. Síðan hafi ákærði haft samband við Braga Sigurdórsson, Bjarkargrund 46, og boðið honum greiðslu vegna skemmda á grindverkinu.

Aðspurð hvort lögreglan hringdi og boðaði ákærða til yfirheyrslu sagði hún svo geta verið. Ákærði hefði þá svarað. Ekki mundi hún hvað klukkan var þegar hringt var.

Eftir hádegi gengu þau inn í hverfi og inn að mýri.

Þórey kvað þau hafa komið heim um kvöldmatarleytið. Aðspurð hvort þau hafi heimsótt einhverja umræddan dag kvað hún að þau hefðu heimsótt mann að nafni Pál Sigvaldason, Hjarðarholti 18.

Ítrekað aðspurð hvort þau hefðu gert eitthvað annað umræddan dag svaraði Þórey neitandi.

Vitnið Guðjón Haraldsson hitti ákærða á hótelinu um eittleytið umrædda nótt. Ræddust þeir við í um 2 til 3 mínútur. Aðspurður kvaðst Guðjón ekki hafa merkt að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Aðspurður hvort hann hefði verið með glas í hendi svaraði Guðjón neitandi.

Vitnið Páll Jónsson kvaðst hafa hitt ákærða um eittleytið á hótelinu umrædda nótt. Kvaðst hann hafa hitt ákærða þar sem hann stóð við ganginn inn í sal. Virtist Páli hann vera að fylgjast með fólkinu. Ræddust þeir

við í um 2 til 3 mínútur. Kvaðst Páll hafa sagt: „Þú hér með ekkert glas!“ Ákærði svaraði; „Nei, nei, maður er bara að kíkja á stelpurnar.“

Aðspurður um útlit ákærða kvaðst Páll ekki hafa merkt að hann væri undir áhrifum áfengis.

Um kynni sín og ákærða sagði Páll að þeir væru búnir að þekkjast í 10 til 12 ár.

Vitnið Bragi Sigurdórsson kvað ákærða hafa komið heim til sín sunnudagsmorguninn milli kl. 10:00 og 11:00 og tilkynnt honum um ákeyrslu sína á grindverkið fyrir framan hús hans. Sagði Bragi að ákærði hefði boðist til að gera við grindverkið. Bragi kvaðst hafa spurt ákærða hvers vegna hann hefði ekið á grindverkið. Ákærði hefði svarað því til að hann hefði ekið of greitt og aukinheldur verið utan við sig.

Aðspurður kvaðst Bragi ekki hafa vitað að ákærði var grunaður um meinta ölvun við akstur þegar þeir ræddust við. Hann hefði komið að öllu leyti eðlilega fram. Kvaðst hann á engan hátt hafa merkt að hann væri með timburmenn. Ekki kvaðst Bragi hafa orðið ákærða var aftur nefndan sunnudag.

Niðurstaða.

Í máli þessu er vafi hvort ákærði var ölvaður þegar hann ók bifreið sinni E 2520 frá hótelinu að loknum dansleik aðfaranótt sunnudagsins 20. janúar sl. heim til sín með viðkomu á Esjubraut 19.

Hvað vafann áhrærir hefur eftirfarandi verið upplýst.

Guðjón Haraldsson og Páll Jónsson segjast hafa hitt ákærða á hótelinu um eittleytið umrædda nótt. Þeir gátu þá ekki merkt að hann væri með áhrifum áfengis.

Vitnið Eygló Anna Sigurðardóttir ræddi við ákærða undir lok dansleiksins umrætt sinn. Segir hún að sér hafi virst ákærði vera greinilega ölvaður. Eygló er málkunnug ákærða og þetta sinn hafi hann verið kátari og léttari í lund en hún hafi átt að venjast.

Vitnið Rafn Elvar Svanbergsson fylgdist með ákærða á leiðinni út af hótelinu umrætt sinn. Segir hann að ákærði hafi verið greinilega ölvaður. Rafn er kunnugur ákærða og kveðst hann hafa merkt ölvunareinkenni af háttalagi hans. Í þetta sinn hafi hann verið kátari og háværi en hann hafi átt að venjast.

Vitnið Baldur Ragnar Ólafsson var við dyravörslu þegar ákærði kom á hótelið umrætt sinn. Síðan sá hann ákærða af og til á dansleiknum. M.a. kom ákærði fram í fordyrið og ræddi við hann. Baldur segir að ákærði hafi verið ódrukinn þegar hann kom á hótelið, en hafi gerst ölvaður þegar leið á nóttina. Þegar hann yfirgaf hótelið hafi hann verið greinilega ölvaður. Ölvunareinkennum ákærða lýsti hann svo, að hann hafi verið drafandi í

tali. Augu hans hafi verið vot. Hann hafi verið óstöðugur. Framburður hans hafi verið ruglingslegur. Þá hafi hann verið rjóður í andliti. Loks kveðst Baldur hafa séð ákærða með glas í hendi. Í því hafi verið glær vökví.

Baldur Ragnar Ólafsson hitti ákærða síðan að Esjubraut 19, en þangað hafði ákærði farið frá hótelinu. Var Baldur þessu nú fullviss að ákærði var undir áhrifum áfengis. Bað faðir Baldurs hann að aka ákærða heim, en ákærði afþakkaði það. Kvað hann það óþarfa þar eð lögreglan skipti sér sjaldan af leigubifreiðum og ef svo illa færi að hún elti sig myndi hann stinga hana af.

Ekki hefur tekist að samræma framburð ákærða og Baldurs hvað þetta snertir. Þá man faðir Baldurs ekki greinilega eins og hann orðar það hvort hann bað Baldur að aka ákærða heim eða ekki. Hann gefur þá skýringu á því að það hafi ekki hvarflað að honum að ákærði væri akandi. Hafi hann ekki frétt það fyrr en daginn eftir þegar hann spurði Baldur hvort hann hefði ekki ekið ákærða heim. Þá er þess að geta að ákærði bar í fyrstunni að hann og Baldur hefðu ekki átt nein orðaskipti, en síðan að Baldur hefði boðist til að aka sér heim. Kvaðst ákærði engu hafa svarað honum.

Ákærði heimsótti vitnið Ólaf Braga Theódórsson að heimili hans að Esjubraut 19 að loknum dansleiknum. Segir Ólafur að ákærði hafi þá verið greinilega ölvaður en þó ekki ofurólvi. Ólafur er kunnugur ákærða. Í þetta sinn hafi hann verið kátur og allt að því stamandi. Önnur ölvunareinkenni merkti Ólafur ekki. Hvað framburð þessa vitnis varðar ber að hafa í huga að hann var sjálfur ölvaður.

Þá er að geta vættis Þóreyjar Karlsdóttur, eiginkonu ákærða. Hún kveðst hafa verið vakandi þegar hann kom heim og ekki merkt að hann var ölvaður.

Loks er að geta vættis Braga Sigurdórssonar. Hann hitti ákærða milli kl. 10:00 til 11:00 að morgni sunnudagsins. Hann kvaðst ekki hafa séð neitt óeðlilegt við ákærða eða merkt að hann væri með timburmenn.

Með framburði vitna og að öðru leyti með vísan til gagna málsins þykir fullsannað að ákærði hafi verið með áhrifum áfengis er hann yfirgaf Hótel Akranes umrætt sinn og ók heim til sín með viðkomu að Esjubraut 19. Af þeim sökum gat hann ekki stjórnað bifreið sinni E 2520 nægilega örugglega og ók á grindverk við hús nr. 46 við Bjarkargrund. Við ákreksturinn skemmdist grindverkið og bifreið ákærða. Honum bar því að gera lögreglunni viðvart. Það gerði hann ekki.

Með ofangreindri háttsemi sinni hefur ákærði því gerst brotlegur við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæruskjali greinir.

Samkvæmt sakavottorði dagsettu 25.01. 1985 hefur ákærði sætt kærnum og refisingum, sem hér segir:

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt til ríkissjóðs er greiðist innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, ella sæti ákærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að svipta ákærða ökuleyfi. Þykir ökuleyfisvipting hans hæfilega ákveðin 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis, sbr. 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Sveinssonar hdl. Þykja málsvarnarlaun hans hæfilega ákveðin 9.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ragnar Heimir Þórðarson, greiði 12.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað máls þessa þar með talin málsvarnarlaun, Jóns Sveinssonar hdl., krónur 9.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.